

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: ust@ust.is

Reykjavík, 12. janúar 2022

Efni: Umsögn vegna áforma um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni

Landvernd fagnar áformum um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni og styður hana heilshugar. Hraunhellar eru afar fágætar náttúruminjar á heimsvísu líkt og fram kemur í lýsingu Umhverfisstofnunar á verndargildinu. Í Þeistareykjahrauni finnast meðal annars einstök örverulífriki, hraunstrá og dropasteinar sem verða sífelld sjaldgæfari í heiminum.

Mikilvægt að takmarka ágang ferðamanna á svæðinu

Dropasteinar hafa verið friðlýstir á landsvísu¹ en því miður hefur sú friðlýsing hefur alls ekki veitt þeim nægilega vernd. Nýleg dæmi eru um mikla eyðileggingu á dropasteinum hér á landi, til dæmis í hellingum Leiðarenda í landi Hafnarfjarðar². Þar hafa örverulífriki einnig verið orðið fyrir barðinu á ferðamönnum, sem hafa meðal annars krotað nöfn sín á húð hellisveggjanna. Mikilvægi þess að takmarka ágang á svæðinu ætti að vera öllum ljóst. Það skiptir miklu máli hvernig staðið er að friðlýsingu á svæðinu til þess að tryggja vernd hellana til framtíðar. Að mati Landverndar er nauðsynlegt að Umhverfisstofnun hafi með höndum eftirlit með svæðinu til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu.

Kort af svæðinu óskýrt

Það hefði gjarnan mátt gera betur grein fyrir því hvers vegna svæðið er afmarkað á þann hátt er fram kemur á kortinu sem fylgir áformunum. Við óskum eftir að slíkur rökstuðningur verði gefinn þegar friðlýsingarskilmálinn verður gefin út.

Að lokum

Á sama tíma og við fögnum friðlýsingunni hvetjum við Umhverfisstofnun til þess að hafa frumkvæði að kortlagningu hraunhella á Íslandi þar sem verndargildi og þörf á friðlýsingu

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r_120_1974_auglysing_dropasteinar.pdf

² <https://www.ruv.is/frett/brotid-krotad-og-kukad-i-natturuperlu>



þeirra er metin. Þá þarf Umhverfisstofnun að taka afstöðu til þess með hvaða hætti er best að sjá til þess að hellarnir verði ekki eyðilagðir vegna ágangs ferðamanna.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri